



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 31. október 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Samgönguáætlun 2019-2033 og 2019-2023

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar varðandi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 og 2019-2023. Einnig eru lögð fram drög að umsögnum Reykjavíkurborgar dags. 29. október 2018.

Umsögn mál 172. Umsögn mál 173.

Samþykkt með fjórum atkvæðum Fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúum Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá og bóka.

"Framlag til samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu eru hlutfallslega lítil miðað við heildarframlög á landinu öllu. Mikilvægt er að unnið sé í að bæta hlut borgarinnar í samgönguáætlun. Það vekur undrun mikið misræmi í umsögn samgönguáætlun annars vegar og yfirlýsingar æðsta embættismanns borgarinnar. Fullyrt var þann 21. September að komin sé "fullfjármögnuð áætlun um 80 milljarða" og "óvissu sé eytt í samgöngumálum borgarinnar. Annað er að sjá í umsögn samgöngustjóra. Þetta ósamræmi kallar á skýringar."

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

"Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata í skipulags og samgönguráði taka undir umsögn samgöngustjóra um Samgönguáætlun 2019-2033. Sama dag og samgönguáætlun 2019-2033 var lögð fram í drögum skrifuðu ríki og sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu undir sameiginlega viljayfirlýsingu þess efnis að tryggja fjármögnun Borgarlínu. Við leggjum mikla áherslu á að yfirlýstur vilji ríkisins skili sér inn í samgönguáætlun á seinni stigum."

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Örn Sigurðsson



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 og 2019-2023 og drög að umsögnum Reykjavíkurborgar dags. 29.október 2018.